

Nd.

359. Frumvarp til laga

[83. mál]

um lax- og silungsveiði.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 345 með þessari breytingu:

19. gr. hljóðar svo:

1. Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangarveiði, 84 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til þriðjudagsmorguns kl. 9. Friðunartíma þennan má stytta í 60 sundir á viku, sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags, ef til er, engin hættu á, að um þverrandi fiskstofn sé að ræða á viðkomandi veiðisvæði. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangarveiði og veiði með færi má eigi stunda frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 klukkustundir á sólarhring hverjum. Nú fer lax og göngusilungur um stöðuvatn, og skal hann friðaður þar, svo sem nú var sagt.

2. Ráðherra er rétt að ákveða, að friðun sú, sem getur í 1. mgr., skuli gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til jöfnunar fiskgengd í því vatni.